

Brjef stjórnarráðsins til póstmeistara um lækku á burðareyri undir póstávisanir frá Íslandi til Bretlands hins mikla og Írlands. 88
3. júlí

Stjórnarráðið hefir í dag ritað aðalpóststjórninni í Danmörku á þessa leið:

»Útaf brjefi aðalpóststjórnarinnar, dags. 23. apríl þ. á., viðvíkjandi lækku á burðareyri undir póstávisanir frá Íslandi til Bretlands hins mikla og Írlands, skal aðalpóststjórninni hjermeð tjáð, að stjórnarráðið fellst á það, að burðareyrir undir póstávisanir þessar skuli vera hinn sami sem burðareyrir sá, er ákveðinn er í alþjóðapóstávisanasamningnum (18 aurar undir hverjar 36 krónur). Hins vegar hefir ekki þótt fært að lækka burðareyri þenna svo mikið, að hann verði jafn burðareyri þeim, sem ákveðinn er undir póstávisanir frá Danmörku til Bretlands hins mikla og Írlands, því þá mundi póstsjóðurinn íslenski biða skaða við póstávisanaviðskiftin við þessi lönd.

Lækku þessi á burðareyrinum öðlast gildi 1. september næstkomandi.

Þetta er yður, herra póstmeistari, til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari aðgerða eftir því sem við á.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Húnavatnssýslu um takmörk verslunarlóðarinnar á Hvammstanga. 89
4. sept.

Með brjefi, dags. 22. júní þ. á., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað tillögur sýslunefndarinnar í Vestur-Húnavatnssýslu viðvíkjandi takmörkum verslunarlóðarinnar á Hvammstanga, sem með lögum nr. 40, 13. des. 1895 varð lög-giltur verslunarstaður, ásamt uppdrætti af hinni fyrirhuguðu verslunarlóð.

Útaf þessu eru hjermeð, samkvæmt lögum nr. 61, 10. nóv. 1905, takmörk svæðis þess, sem reisa má á verslunarhús á Hvammstanga, sett eftir frammannefndum tillögum og uppdrætti, svo sem hjer segir:

Að norðan bein lína úr norðurhorni Lagnakletts í klettnibbu (Urðarklöpp), sem er um 40 faðma austar en hús Ketils Bergssonar, þessi lína er um 90 faðmar, þaðan bein lína í horn sunnan við Syðri-Hvammsá, um 20 föðmum ofar en fjárhús það, er þar hefir verið byggt, þaðan bein lína í hafnarmerki það (vörðu), sem er um 30 faðma fyrir ofan Kúskeljaklett; að sunnan bein lína úr nýnefndu hafnarmerki í Kúskeljaklett, þar sem hann er hæstur; á aðra vegu sjórinn.

Jafnframt því að tilkynna yður þetta til frekari birtingar, skal lagt fyrir yður að sjá um, að eitt eintak af hinum frammannefnda uppdrætti verði geymt við skjöl hlutaðeigandi hrepps og að hreppsnefndin láti setja og haldi við á hreppssjóðs kostnað glöggum merkjum á takmörkum verslunarlóðarinnar, þar sem takmörkin eru ekki glögg frá náttúrunnar hendi.